

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 259/1996 um verðjöfnun á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni.

1. gr.

Við upptalningu í 1. gr. reglugerðarinnar bætast eftirfarandi tollskrárnúmer:

1905.9011

1905.9019

1905.9040

2. gr.

Ný 2. gr. orðist svo: Viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun upphæðar verðjöfnunar á hverja tegund hráefnis grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

Landbúnaðarhráefni	Innlent viðmiðunarverð	Erlent viðmiðunarverð
	kr./kg	kr./kg
Mjólk	50,70	17,38
Undanrenna	49,79	12,48
Rjómi 36%	450,73	161,84
Nýmjólkurduft	280,50	139,01
Undanrennuft	271,40	102,69
Smjör	204,79	142,71
Ostur	524,30	161,84
Egg, skurnlaus	170,00	83,19
Nautgripakjöt, beinlaust	581,10	115,54
Kindakjöt, beinlaust	490,10	78,57
Svínakjöt, beinlaust	390,91	87,81
Kjúklingakjöt, beinlaust	676,73	98,72
Hrossakjöt, beinlaust	239,20	90,00

Í þeim tilfellum þegar afskurður af kjöti er notaður sem hráefni, t.d. í hakk, fars o.þ.h. skal nota stuðulinn 0,65 á viðmiðunarverð verðjöfnunar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. febrúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.